



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

647. stjórnarfundur þriðjudaginn 4. nóvember 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Örn Arnarson, Jónína Steinunn Helgadóttir og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Guðmundur Steinarsson og Stefán Guðjónsson.

1. Formannafundur ÍRB

Formannafundur verður haldinn mánudaginn 17. nóvember kl. 18:00 í Njarðvíkurskóla.

2. Skatturinn

Bréf var sent á skattinn vegna bréfs sem var sent á félagið með fyrirspurn vegna skattamála.

3. Fræðsludagur Keflavíkur

Ásdís María Grétarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Þorgrímur Þráinsson voru með fyrirlestra og var almenn ánægja með daginn. Það mættu 50 þjálfarar og stjórnarfolk. Framkvæmdastjóri ætlar að setja frétt á heimasíðu félagsins og facebooksíðu. Fyrirhugað er að vera með fræðsludag árlega.

4. Æfingaferðir yngri flokka

Umræða um hegðun barna og unglinga á mótum og hvernig best er að bregðast við. Framkvæmdastjóri ætlar að heyra í aðilum í barna- og unglingaráði.

5. Jólablað Keflavíkur

Ákveðið að vera með blaðið rafrænt eins og í fyrra. Framkvæmdastjóri byrjar á vinnu við blaðið ásamt íþróttastjóra. Umræða um aðila sem væri gaman að taka viðtal við.

6. Þorrablot Keflavíkur

Framkvæmdastjóri mætti á fund í síðustu viku. Undirbúningur er kominn á fullt og sala á miðum fer í umferð fljótlega. Ákveðið að biða með kaup á borðum og stólum, verð var hærra en gert var ráð fyrir.

7. Önnur mál

- A. Aðilar frá KSÍ komu á fund í gær og ætla að koma í næstu viku og taka út báða fótboltavellina. Það eru 6 mánuðir í fyrsta leik. Vellirnir voru á undanþágu síðasta sumar.
Framkvæmdastjóri sagði frá mokstri fyrir vellina. Það þarf að gera samning við fyrirtæki um mokstur. Hafþór B. Birgisson er með málið.
- B. Umræða um starfsmannamál.
- C. Ákveðið að fá Ásdísi hjúkrunarfræðing til að vera með fyrirlestur fyrir iðkendur um notkun á munntóbaki og veipi. Framkvæmdastjóri ræðir við yfirþjálfara um þetta.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 18. nóvember kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.